

**Nd.**

**174. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Aftan við 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í samþykt má enn fremur ákveða, að veita megi sjerverslunum undanþágu, að því er snertir lokunartíma sölubúða, gegn hæfilegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður, samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár í senn, og renna skal í bæjarsjóð.

**2. gr.**

Aftan við 3. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Í samþyktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot. Sektir allar renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

**3. gr.**

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.